

EFTIRLITSSKÝRSLA

SKAFTÁRHREPPUR, URÐUN STJÓRNARSANDI

| | | | |
|---------------------|--|--|---|
| Dagsetning | 17.8.2011 | Fulltrúi UST | Sigrún Guðmundsdóttir |
| Fyrirtæki | Skaftárhreppur | Starfsleyfi, gildir til | er runnið út en undanþága gildir til 1.7.2012 |
| Heimilisfang | Klausturvegi 15, 880 Kirkjubæjarklaustur | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 480690 - 2069 | Fulltrúar fyrirtækis | Kári Halldórsson |
| Isat nr. | 38.21.0 | | Sigurjón Ragnarsson |
| Starfsemi | Meðhöndlun úrgangs, geymsla og urðun úrgangs | Staðsetning starfstöðvar (hnit) | 63° 47, 238'N, 18° 3,115'W |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru staðfest í eftirlitinu, en þau varða óreiðu og óflokkaðan úrgang á urðunarsvæði og meðhöndlun úrgangsflokka á svæðinu sem ekki er heimild fyrir. Þá hafa niðurstöður mælinga á grunnvatni ekki borist Umhverfisstofnun, né staðfesting á töku ábyrgðartryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun í samræmi við ákv. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Endurnýja þarf starfsleyfi á næsta ári og er vakin athygli á að endurskoðun þess tekur nokkurn tíma.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs og ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda er lúta að bráðmengunarhættu af starfsemi rekstraraðila.

Skoðun á urðunarstað var framkvæmd með Birgi Þórðarsyni heilbrigðisfulltrúa á Suðurlandi og haldinn var samráðsfundur um málefni urðunarstaðarins.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Talsverð óreiða og nokkrir haugar af óflokkuðum úrgangi voru á urðunarsvæðinu

Frávik frá: Ákvæði 1.3 í starfsleyfi en samkvæmt því skal tryggt að úrgangur sé meðhöndlaður á þann hátt að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði á athafnasvæðum rekstraraðila.

Frávik 2

Niðurstöður mælinga á grunnvatni á urðunarsvæði hafa ekki borist Umhverfisstofnun. Á þetta var einnig bent í reglubundnu eftirliti síðasta árs.

Frávik frá: Ákvæði 3.5 í starfsleyfi en samkvæmt því skal mæla árlega pH, leiðni, NH_3^+ og COD.

Frávik 3

Á urðunarsvæðinu var úrgangur sem ekki er heimilt að meðhöndla á svæðinu, m.a. málning, hjólbarðar,tölvubúnaður og önnur raftæki.

Frávik frá: Samkvæmt ákvæði 3.1 í starfsleyfi er eingöngu gefin heimild til urðunar á sláturhúsaúrgangi, seyru, byggingarúrgangi og ösku frá Sorporkustöð Skaftárhrepps, móttöku á brotajárni og geymslu á garðaúrgangi.

Hafi rekstraraðili hug á geymslu fleiri úrgangsflokka en að ofan greinir á svæðinu ber honum að tilkynna stofnuninni breytingu á rekstri skv. 18. gr. reglugerðar 785/1999.

Frávik 4

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun. Á þetta var einnig bent í reglubundnu eftirliti síðasta árs.

Frávik frá: 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun. Umhverfisstofnun fer fram á að fá send þessi tilgreindu gögn. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16.gr. fyrrgreindra laga.

Önnur atriði: Undanþága frá gildu starfsleyfi rennur út 1.7.2012. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að endurskoðun starfsleyfis er nokkuð tímafrek og er heppilegt að áætla rúman tíma til vinnslu þess.

Reykjavík, 20.12.2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávík:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.